

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 27/2000
frá 31. mars 2000

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/1999 frá 26. nóvember 1999⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 804/1999 frá 16. apríl 1999 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 953/1999 frá 5. maí 1999 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 954/1999 frá 5. maí 1999 um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 997/1999 frá 11. maí 1999 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 102, 17.4.1999, bls. 58.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 118, 6.5.1999, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 118, 6.5.1999, bls. 28.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 122, 12.5.1999, bls. 24.

- 6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 998/1999 frá 11. maí 1999 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „ - **399 R 0804:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 804/1999 frá 16. apríl 1999 (Stjtið. EB L 102, 17.4.1999, bls. 58),
- **399 R 0953:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 953/1999 frá 5. maí 1999 (Stjtið. EB L 118, 6.5.1999, bls. 23),
- **399 R 0954:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 954/1999 frá 5. maí 1999 (Stjtið. EB L 118, 6.5.1999, bls. 28),
- **399 R 0997:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 997/1999 frá 11. maí 1999 (Stjtið. EB L 122, 12.5.1999, bls. 24),
- **399 R 0998:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 998/1999 frá 11. maí 1999 (Stjtið. EB L 122, 12.5.1999, bls. 30).“

2. gr.

Texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 804/1999, (EB) nr. 953/1999, (EB) nr. 954/1999, (EB) nr. 997/1999 og (EB) nr. 998/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 1. apríl 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 122, 12.5.1999, bls. 30.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi*
Evrópubandalaganna.

Gjört í Brussel 31. mars 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

